

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 6. febrúar kl. 09:08, var haldinn 27. fundur skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Ólafur Kr. Guðmundsson, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 3 – 7, 11 og 12. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 3. Fundarritari er Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

(F) Framkvæmdir og frumathuganir

1. Úlfarsárdalur, kynning Mál nr. SN190049

Kynning á uppbygginu og framkvæmdum í Úlfarsárdal

Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

2. Tryggvagata og Naustin, endurhönnun Mál nr. US190039

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. febrúar 2019 varðandi heimild til verkhönnunar og gerð útboðsgagna fyrir endurhönnun á Tryggvagötu og Naustinni frá Pósthússtræti að Grófinni. Samþykkt.

Fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar: Miðflokkurinn leggst gegn fækkun bílastæða við Tollhúsið í Tryggvagötu við núverandi aðstæður.

Um er að ræða þjónustu sem er mikið sótt af borgurum jafnt sem fyrirtækjum og mun útrýming bílastæða við húsið valda miklu ónæði fyrir viðskiptavinum Tollstjóraembættisins.

Fari svo að Tollstjóraembættið flytji annað, eða sambærilegur kostur hvað varðar aðgengi viðskiptavina er tilbúinn til notkunar, er sjálfsagt að endurskoða málið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og Valgerður Sigurðardóttir bóka: Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði leggja áherslu á góða upplýsingagjöf og hvetja umhverfis- og skipulagssvið til að kynna sérstaklega þau bílastæðahús sem aðgengileg eru viðskiptavinum, starfsfólki og öðrum þeim sem sækja miðborgina heim.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

Það er fagnaðarefni að áfram verði haldið með endurhönnun Tryggvagötu. Endurhönnunin skapar betra borgarrými með breiðari gangstéttum og upphækkuðum gatnamótum. Norðan Tryggvagötu, við mósaíkverk Gerðar Helgadóttur, er sólríkt svæði sem mun nýtast til útiveru fyrir fólk í stað bíla. Því skal einnig haldið til haga að við hlið Tollhússins, undir Hafnartorgi, opnar innan skamms bílakjallari með 1.100 bílastæðum auk þess sem áfram verða bílastæði í götukanti sunnan Tryggvagötu. Bílastæðum í miðborginni er því áfram að fjölga en ekki fækka líkt og oft er haldið fram.

(A) Skipulagsmál

3. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. febrúar 2019.

4. Sundahöfn, norðan Vatnagarða, breyting (01.332) Mál nr. SN180743
á deiliskipulagi
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 24. október 2018 ásamt bréfi dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóð Sægarða 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóð Sægarða A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð Sægarðar 13 og spennistöð Sægarðar 17, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018 uppf. 28. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 7. desember 2018 til og með 23. janúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Grímur M. Jónasson f.h. Eimskips dags. 16. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Vesturhöfn, Línbergsreitur, breyting á (01.087) Mál nr. SN180654
deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 16-32
við Fiskislóð og 39-93 við Grandagarð
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 19. september 2018 ásamt bréfi dags. 19. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar í Örfirisey vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að núverandi húsnæði á reitnum, átta byggingar, sem byggðar voru sem iðnaðarhúsnæði á 9. og 10. áratug síðustu aldar, eru rifnar og í staðinn reistar tveggja til fimm hæða byggingar fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi, mest skrifstofuhúsnæði, gert er ráð fyrir að svæðinu verði skipt í fimm lóðir/svæði, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. september 2018 og 13. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 3. desember 2018, umsögn samgöngustjóra dags. 18. desember 2018 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 18. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. janúar 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. janúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 10.20 tekur Sanna Magdalena Mörtudóttir sæti á fundinum

6. Úlfarsfell, nýtt deiliskipulag (02.6) Mál nr. SN170752
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli. Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið. Stærð skipulagssvæðis er um 1,3 ha, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018. Einnig er lögð fram greinargerð verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar dags. 18. september 2018 varðandi útreikninga á sviðsstyrk. Tillagan var auglýst frá 29. október 2018 til og með 17. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemd: Íbúasamtök Úlfarsárdals dags. 7. nóvember 2018, Sigurjón Kr. Sigurjónsson dags. 7. desember 2018, Þórður Jónsson og Björg Kofoed-Hansen dags. 16. desember 2018, Gísli Álfgeirsson, dags. 16. desember 2018, Harpa Helgadóttir dags. 17. desember 2018, Rúrik Vatnarsson dags. 17. desember 2018, Ásta Guðbrandsdóttir dags. 17. desember 2018, Barbara Hafey Þórðardóttir dags. 17. desember 2018, Ásgeir Björnsson dags. 17. desember 2018, Linda Jónsdóttir dags. 17. desember 2018, Unnur Elva Gunnarsdóttir dags. 17. desember 2018, Sigrún Guðjohnsen dags. 17. desember 2018, Hildur Eyjólfsdóttir dags. 17. desember 2018, Kristín Björg Konráðsdóttir dags. 17. desember 2018, Rudolf Rúnarsson dags. 17. desember 2018, Rose Dahlke dags. 17. desember 2018, Þóra Magnúsdóttir dags. 17. desember 2018, Höskuldur Goði dags. 17. desember 2018, Guðrún Ósk Traustadóttir dags. 17. desember 2018, Þorkell Þorkelsson dags. 17. desember 2018, Alexander J. Baldursson dags. 17. desember 2018 og Helga Hreiðarsdóttir dags. 17. desember 2018. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá: Ingimundi Stefánssyni dags. 18. desember 2018 og Arnari Jónassyni, dags. 18. desember 2018, Einnig er lögð fram umsögn Mosfellsbæjar dags. 26. nóvember 2018, umsögn Umhverfisstofnunar dags. 7. desember 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. janúar 2019, fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, minnisblað Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings dags. 21. janúar 2019, umsögn Samgöngustofu dags. 22. janúar 2019, bréf Isavia ohf. dags. 28. janúar 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. janúar 2019. Lagt fram að nýju ásamt uppf. uppdráttum Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018 br. 30. janúar 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2018.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2019. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá.

Vísad til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Hildur Björnsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og Valgerður Sigurðardóttir bóka: Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði harma að ekki hafi verið tekið tillit til fjölda neikvæðra athugasemda sem sendar voru vegna fjarskiptamasturs sem nú hefur verið tekin ákvörðun um að reisa á Úlfarsfelli. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja benda á að með umsögn umhverfis- og skipulagssvið dags. 17. október 2018 er staðfest að mannvirki sem nú standa á Úlfarsfelli voru og eru í óleyfi. Þetta staðfestir einnig bréf skipulagsstofnunar dags. 30. janúar 2013 en þar var kynnt niðurstaða stofnunarinnar um að synja um meðmæli með veitingu byggingarleyfis efst á Úlfarsfelli vegna tækjaskýlis og tveggja 10m hárra staura til fjarskiptareksturs. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem kvað upp úrskurð í kærumálinu þann 17. nóvember 2015. Í úrskurðinum var hafnað kröfu Reykjavíkurborgar um ógildingu á ákvörðun skipulagsstofnunar. Við teljum ámælisvert að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi, á vinsælu og verðmætu útivistarsvæði í borgarlandinu með tilliti til þessa.

Fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar: Miðflokkurinn leggst alfarið gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á einum vinsælasta útsýnsstað borgarinnar og vísar í fyrri bókanir vegna málsins.

Eftirtekt veður hversu hart Reykjavíkurborg hefur gengið fram í þessu máli þvert gegn vilja íbúa Úlfarsárdals, Grafarholts sem og íbúa borgarinnar almennt.

50m hátt stálmastur hlaðið tækjabúnaði sem sendir frá sér slíka geislun að búnaðurinn var tekinn niður í Kópavogi vegna nálægðar við íbúahverfi. Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni.

Fyrir liggur að hér er um að ræða hagsmuni einkafyrirtækis, ekki íbúa.

Fyrir liggur að Úlfarsfell er EKKI talinn besti kostur, þar trjónir efst á lista Þverfellshorn í Esju og Bláfjöll, þar sem fyrir er sendir frá öðru fyrirtæki, þykir og góður kostur. Það er því alvarlegt mál að því fullyrt sé að þetta sé eina leiðin.

Fjöldi athugasemda í kjölfar auglýsingar téðs deiliskipulags er slíkur að elstu menn muna ekki annað eins.

Það er tillaga Miðflokksins að þessari aðför að ljúki hér og sú gríðarlega andstaða sem fram kemur í aðsendum athugasemdum í kjölfar auglýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir verði virt.

Tilgangurinn með auglýsingum af þessu tagi, er að fá fram vilja borgaranna.

Jafnframt að núverandi óleyfisbúnaður verði fjarlægður tafarlaust.

Fulltrúi Pírata Sígurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Ljóst er að mikið hefur farið fyrir hræðsluáróðri og rangfærslum í tengslum við þetta skipulag, eins og m.a. sést á bókun áheyrnarfulltrúa Miðflokksins. Við vísum slíkum dylgjum og rangfærslum á bug og ítrekum mikilvægi þess að staðreyndum sé til haga haldið. Athuganir hafa sýnt að toppur Úlfarsfells er eina raunhæfa staðsetningin fyrir slíkan búnað. Eins og fram kemur í umsögn Skipulagsstofnunar koma áætlanir um útsýnispall og notkun náttúrulegs efnis sem fellur að umhverfinu, þar sem það er hægt, til móts við mikilvæga áherslu á útivistargildi svæðisins. Þá skal ítrekað að rannsóknir sýna að geislun frá mastri af þessu tagi verður langt undir viðmiðunarmörkum. Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata í skipulags- og samgönguráði fagna því að loks verði fullnægjandi útvarps- og fjarskiptapjónusta á höfuðborgarsvæðinu tryggð með nýju mastri.

Björn Ingi Edvardsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Langholtsvegur 43-45 og 47, breyting á (01.357.0) Mál nr. SN180840
deiliskipulagi
541105-0420 Ljósið styrktarfélag krabbmeins, Ægisíðu 78, 107 Reykjavík
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ljóssins styrktarfélags Krabbameins um breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðanna nr. 43-45 og 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppd. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 22. nóvember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Einnig er lögð fram athugasemd Sólrúnar Káradóttur dags. 9. janúar 2019, og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Vísað til borgarráðs

Hrafnhildur Sverrisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1006 frá 29. janúar 2019.

9. Ársskýrsla byggingarfulltrúa, ársskýrsla Mál nr. BN050892

Lögð fram til kynningar ársskýrsla byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir árið 2018. Kynnt.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

Við þökkum skrifstofu byggingarfulltrúa fyrir vandaða og skýra ársskýrslu sem gefur gott yfirlit yfir samþykktar byggingarleyfisumsóknir, byggingarmagn, útgefin byggingarleyfi og fleiri verkefni byggingarfulltrúans á árinu 2018.

Skýrslan sýnir glögg að árið 2018 var algjört metár í byggingarsögu borgarinnar, enda voru met slegin í nær öllum flokkum. Þar má nefna að á árinu 2018 var hafin bygging á metfjölda íbúða, eða 1.417 íbúðum en fyrra met voru 1.133 íbúðir árið 1973. Sá fjöldi íbúða samsvarar fjölda íbúða í Foldahverfi og hálfu Húsahverfi, eða rétt tæplega heildarfjölda íbúða á Seltjarnarnesi. Sömuleiðis hefur samþykkt byggingarmagn aldrei verið meira og móttekjur uppdrættir aldrei fleiri. Einnig er ánægjulegt að hlutfall íbúða af samþykktu byggingarmagni eykst á milli ára en sama á við um hlutfall húsnæðis fyrir iðnað, hótél og veitingahús.

Ársskýrsla byggingarfulltrúa staðfestir að Reykjavík er lifandi borg í örum vexti. Áframhaldandi kraftur í uppbyggingu íbúða, þjónustu- og atvinnuhúsnæðis, almenningsamgangna og annarra innviða mun gera góða borg betri - öllum til góða.

(D) Ýmis mál

10. Borgarsjá, kynning Mál nr. US190038

Kynntir notkunarmöguleikar borgarsjár.

Jörgen Heiðar Þormóðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

11. Hrisateigur 47 og Laugarnesvegur 74A, (01.346.0) Mál nr. SN180720
(fsp) hækkun húsa
701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík
610417-0270 Teiknistofan Stika ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Magneu Þóru Guðmundsdóttur dags. 15. október 2018 um hækkun á húsunum nr. 47 við Hrisateig og 74A við Laugarnesvegi um tvær hæðir, samkvæmt tillögu Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 11. október 2018. Fyrirspurninni frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt nýrri tillögu Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 7. janúar 2019 og skuggavarpri dags. janúar 2019 um hækkun húsa um tvær hæðir og eina inndregna hæð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Skipulags- og samgönguráð gerir ekki athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi með tilliti til þeirra leiðbeininga sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kristín Soffía Jónsdóttir vikur af fundi undir þessum lið.

12. Laugavegur 105, (fsp) viðbygging við (01.240.0) Mál nr. SN180735
bakhlið hússins
080849-3709 Björn Stefán Hallsson, Álakvísl 134, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Björns Stefáns Hallssonar dags. 19. október 2018 ásamt bréfi dags. 18. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.0, Hlemmur, vegna lóðarinnar nr. 105 við Laugaveg sem felst í að gera viðbygging við bakhlið núverandi byggingar á 2. 3. og 4. hæð, samkvæmt uppdr. Plan 21 ehf. dags. 1. október 2018. Einnig eru lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 16. október 2018 og skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

13. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokk Mál nr. US180436
fólksins, fyrirspurn er varðar brú yfir
Breiðholtsbrautina

Fyrir hönd borgarfulltrúa Kolbrúnar Baldursdóttur legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn Borgarfulltrúi vill fá að vita um kostnað við brúnnar og aðdraganda að ákvörðun um smíði hennar. jafnframt hvort að það liggi fyrir hver hugsanleg nýting brúarinnar séð þar sem ábendingar hafa komið um litla sem enga notkun hennar. Jafnframt að þegar komið er frá Seljahverfi yfir brúna þ.e. frá suðvesturs til norausturs er ekki hægt að fara niður í neðra Breiðholt. Spurt er, hvort það sé endanlegt skipulag?

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

Deiliskipulag fyrir nýja göngubrú yfir Breiðholtsbraut var auglýst haustið 2016 og samþykkt 2017. Vegagerðin greiðir kostnað við göngubrúna sjálfa, sem samkvæmt tilboði er 146 milljónir króna. Reykjavíkurborg greiðir fyrir aðliggjandi stíga en því verkefni er ekki lokið, þar á meðal hefur tengin við Neðra-Breiðholt sem hér er spurt um ekki verið kláruð. Áætlaður kostnaður við stígagerð og tengdar aðgerðir er 70 milljónir króna. Ekki hefur verið gerð könnun á nýtingu brúarinnar enda er ekki ráðlegt að fara í slíkt fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

14. Tillaga fulltrúa Flokks fólksins, heimila Mál nr. US180336
handhöfum stæðiskorts fyrir
hreyfihamlaða að keyra á göngugötum

Á fundi borgarstjórnar 16. október 2018 var lögð fram tillaga fulltrúa Flokks fólksins varðandi að heimila handhöfum stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða að keyra á göngugötum. Tillögunni var vísað til skipulags- og samgönguráðs. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

15. Kvosin, Landsímareitur, Kæra 21/2018, (01.140.4) Mál nr. SN180110
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 13. febrúar 2018 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur þann 8. nóvember sl. um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra

dags. 19. febrúar 2018 um stöðvun framkvæmda, umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. mars 2018 og bráðabirgðaúrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 20. apríl 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða er hafnað. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. nóvember 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

16. Laugavegur 59, kæra 110/2016, umsögn, (01.173.0) Mál nr. SN160617
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. ágúst 2016, ásamt kæru þar sem kærð er synjun á leyfi til að byggja inndregna 5. hæð, innrétta 11 íbúðir á 3,4, og 5. hæð, stækka glerskála veitingahúss í flokki II á 2. hæð og breyta innra skipulagi þar, gera nýjan flóttastiga innanhúss og færa til upprunalegs útlits glugga 1. hæðar húss á lóö nr. 59 við Laugaveg. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. október 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. júlí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

17. Thorvaldsensstræti 2/Kvosin, Mál nr. SN180442
Landsímareitur, kæra 84/2018, umsögn,
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. júní 2018 ásamt kæru dags. 11. júní 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa varðandi útgáfu byggingarleyfis að Thorvaldsensstræti 2. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. júní 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. nóvember 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

18. Einarsnes 30-32, breyting á deiliskipulagi (01.671.2) Mál nr. SN180739
311079-5819 Helga Arnadóttir, Einarsnes 32, 101 Reykjavík
610906-0790 KRADS ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. janúar 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Skildinganes vegna lóðarinnar nr. 30-32 við Einarsnes.

19. Tryggvagata 13, breyting á skilmálum (01.117.4) Mál nr. SN180882
deiliskipulag
580814-0690 T13 ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
080654-4219 Hildigunnur Haraldsdóttir, Tryggvagata 13, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. janúar 2019 vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun skipulags- og samgönguráðs frá 16. janúar 2019 á breytingu á deiliskipulagi Tryggvagötu 13-15 vegna lóðarinnar nr. 13 við Tryggvagötu.

20. Gufunes, áfangi 1, deiliskipulag (02.2) Mál nr. SN170476

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. desember 2018 um samþykki borgarráðs 13. desember 2018 vegna lagfærðia uppdráttu fyrir 1. áfanga í Gufunesi.

21. Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, fyrirspurn um sleðabrekku fyrir neðan Reynisvatnsásinn Mál nr. US190041

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir upplýsingum um sleðabrekku sem átti að gera fyrir neðan Reynisvatnsásinn. Samkvæmt íbúum þá var þetta verkefni sem var valið í íbúa kosningu og átti að setja 2 milljónir í verkefnið.

Íbúar í Grafarholti hafa verið að kvarta undan því að þessi brekka hafi aldrei verið kláruð. Það hafi átt að fylla skurði, taka skúr, slétta brekkuna og fjarlægja tré. Ekkert af þessu hefur verið gert samkvæmt íbúum. Það sem er búið að gera er að koma með efni sem ekki hefur verið sléttað úr og því standa steinar upp úr því eins þá hefur lýsing verið komið fyrir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja vita hvar þetta verkefni er stendur og hversu mikið fjármagn hefur verið sett í verkefnið. Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

22. Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, tillaga um hitakort á göngu- og hjólastíga í borginni. Mál nr. US190042

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að svonefnd hitakort, sbr. t.d. Strava Global Heat Map, verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun forgangsstöðunar snjóruðnings göngu- og hjólastíga í borginni. Tillögunni fylgir greinargerð. Vísað til skrifstofu umhirðu og reksturs.

22. Tillaga frá fulltrúa Flokk fólksins, tillaga um gjaldfrjáls bílastæði í borginni Mál nr. US190043

Flokkur fólksins leggur til að fyrsti klukkutími í bílastæðum borgarinnar yrði gjaldfrjáls fyrir hvert ökutæki, einu sinni á sólarhring. Tillögunni fylgir greinargerð. Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 12:31**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnaugur Bragi Björnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Kristín Soffía Jónadóttir
Ólafur Kr. Guðmundsson
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 29. janúar kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1006. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson, Olga Hrunn Sværissdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Edda Jónsdóttir og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Arnarhlíð 2 (01.629.502) 220839 Mál nr.
BN055619
550416-0770 NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048979 þannig að í stað þrefalds glers að götu er í byggingarlýsingu kveðið á um Velfac Edge gluggakerfi í öllu húsinu á lóð nr. 2 við Arnarhlíð.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. desember 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað.
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055685
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lág múla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að uppskiptingu, rýmismúmerum og útliti verslunar- og þjónusturýma er breytt á jarðhæð húsa T1, T2 og T3 og G1 og G2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055542
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 5 hæða verslunar- og skrifstofuhús, einangrað að utan og klætt blágrýti, með tveggja hæða bilgeymslu fyrir 102 bíla undir hluta húss á reit 6 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir greinargerðir frá EFLU um hönnunarforsendur lagna- og rafkerfa, um burðarvirki, orkurammi og hljóðvistargreinargerð allt dags. 4. desember 2018 og greinargerð hönnuða um algilda hönnun ódagsett.
Stærð, mhl. 16, A-rými: 17.477 ferm., 74.197,6 rúmm.
Mhl. 17, A-rými: 4.020,4 ferm., 14.546,9 rúmm.
Samtals, A-rými: 21.497,4 ferm., 88.744,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

4. Ásvallagata 37 (01.162.201) 101259 Mál nr.
BN055456
221086-2879 Sandra Gísladóttir, Ásvallagata 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka gat í burðarvegg íbúðar á efri hæð í húsi nr. 37 við Ásvallagötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Barónsstígur 5 (01.154.412) 101139 Mál nr.
BN052887
550506-1570 Baróns gisting ehf., Logafold 81, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir og innrétta gistiheimili í flokki II - tegund b í húsi á lóð nr. 5 við Barónsstíg.
Sjá erindi BN049325.
Bréf arkitekts dags. 16.05.2017 fylgir erindi.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. Bergstaðastræti 48 (01.185.301) 102169 Mál nr.
BN055718
150382-3519 Solveig Víktorsdóttir, Bergstaðastræti 48, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem op var gert í burðarvegg og innra skipulagi breytt í íbúð 0202 í húsi nr. 48 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Bergstaðastræti 54 (01.185.601) 102207 Mál nr.
BN055729
700999-2119 Klettur-eignir ehf, Laufásvegi 49-51, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skráningu húss á lóð nr. 54 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
8. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055601
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja húsnæði fyrir gagnaver mhl. 02 sem verður staðsteypt einangrað að utan, klætt með álplötum og girt verður í kring um húsið á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Greinagerð brunahönnuðar dags. 18. desember 2018 fylgir.

Stærð: 1.503,3 ferm., 8.418,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

9. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055629

581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta lagersvæði í rými N milli mátlína 19 og 21, innrétta móttöku og skrifstofu við mátlínu A, þar er einnig gerður nýr millipallur með skrifstofu og kaffiástöðu starfsfólks og til að byggja hleðsluramp við suðurhlíð húss á lóð nr. 2- 8 við Blikastaðaveg.

Bréf hönnuðar dags. 2. janúar 2019 og greinagerð brunahönnuðar dags. 21. desember 2018 og 23. janúar 2019 fylgja erindi.

Stækkun: 94,5 ferm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055694

581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054019 þannig að gluggasetningu er breytt í viðbyggingu við mátlínu D og innra skipulagi milli mátlína 1 og 6 í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Bréf hönnuðar dags. 15. janúar 2019 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirliti.

11. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN055713

531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að skilgreina íbúð 1201 sem gististað í flokki II í fjölbýlishúsinu Brietartúni 9 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Borgartún 28 (01.230.101) 102912 Mál nr.
BN055579

690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um breytingu á erindi BN050166 sem felst í því að gluggum þakhæðar er lyft um 5 cm ásamt því að þakhalli á verönd þakhæðar er færður inn á teikningar og dyr í anddyrum íbúða fjarlægðar af teikningum í húsi á lóð nr. 28A við Borgartún.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Brúnastaðir 51 (02.425.309) 178539 Mál nr.
BN055709
301073-4889 Arthur Garðar Guðmundsson, Brúnastaðir 51, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera útidyr á baðherbergi og fyrir áður gerðum breytingum á húsi nr. 51 við Brúnastaði.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
14. Dugguvogur 23 (01.454.409) 105647 Mál nr.
BN055647
701297-3269 Rafstilling ehf., Dugguvogi 23, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta út áður samþykktu skilti og setja í staðinn ljósaskilti sömu stærðar á hús á lóð nr. 23 við Dugguvog.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
15. Efstaleiti 11 (01.745.301) 224637 Mál nr.
BN055621
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til breyta erindi BN053223 og sameina íbúðir 0306 og 0308, 0403 og 0405 í mhl. 02 og íbúðir 0301 og 0302 í mhl. 03 ásamt því að breyta stærðum sérnotaflata við íbúðir 0101, 0106, 0107 og 0108 í mhl. 02 á lóð nr. 11 við Efstaleiti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
16. Eiríksgata 17 (01.195.214) 102606 Mál nr.
BN055719
610613-1520 Almenna E ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052612 þannig að innra skipulagi risíbúðar er breytt, svalir rishæðar eru stækkaðar til við samræmis við eldri kvist, svalahandrið byggt úr timbri, geymslum í kjallara fækkað og eignarhaldi þeirra breytt í húsi á lóð nr. 17 við Eiríksgötu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
17. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr.
BN055406
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054252 þannig að innra skipulagi í bílakjallara og inngörðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.

Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU uppfærð 26. október 2018.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Þérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Fiskislóð 31 (01.089.101) 209683 Mál nr.
BN055659
680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Dalþingi 12, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að svalir á 3. hæð til suðurs verði eignarhluti aðliggjandi rýma 0301, 0302, 0303, 0304, 0305 og 0306 í húsinu á lóð nr. 31 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
19. Fiskislóð 34-38 (01.087.305) 215981 Mál nr.
BN055704
620983-0209 Fiskkaup hf., Fiskislóð 34, 101 Reykjavík
561116-0670 101 Fisk ehf., Fiskislóð 34, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þannig að fyrirkomulagi innveggja í fiskvinnslusal er breytt og bætt við gönguhurð á suðurhlíð v/lokaúttektar í fiskvinnsluhúsi á lóð nr. 34-38 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
20. Fossaleytnir 1 (02.456.101) 190899 Mál nr.
BN055679
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að gera milligólf í íþróttasal suðurhús mhl. 01 sem verður óráðstafað rými 0120, undir milligólfinu verður innréttaðir 6 búningsklefar og salur, komið verður fyrir nýrri ræstítækjaaðstöðu í austurhúsi og innréttaðir verða búningsklefa í kjallara í vesturhúsi í Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleytni.
